

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Brautarhvamms – ferðaþjónustu- og útivistarsvæðis á Blönduósi.

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar samþykkti þann 13. mars 2007 deiliskipulag fyrir Brautarhvamm á Blönduósi. Skipulagssvæðið er um 6,4 ha að stærð og afmarkast af Norðurlandsvegi að norðan og vestan, ánni Blöndu að sunnan og svæði, skilgreindu í aðalskipulagi með náttúruverndargildi að austan. Deiliskipulagið felur m.a. í sér að fjölga gistihýsum á svæðinu, bæta við þjónustuhúsi, stækka tjaldsvæðið ásamt því að koma fyrir útivistarsvæðum og leiksvæðum. Einnig eru nýjar vegtengingar að svæðinu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Blönduósi, 20. júlí 2007.*

F.h. skipulags- og byggingarfulltrúa,

**Eyjólfur Þór Þórarinsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 3. ágúst 2007